

Ed.

204. Frumvarp

til laga um söln á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar þær 840 álnir í landi kaupstaðarins, sem eru eign Neskirkju, að undanskilinni hæfilegri lóð undir og kringum íbúðarhús og geymsluhús dánarbús Jóns prófasts Guðmundssonar.

2. gr.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að selja bæjarsjóðnum 340 álnir í landi kaupstaðarins, sem eru eign ríkissjóðs.

3. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, og laga nr. 31, frá 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.